



# Keflavík íþróttá- og ungmennafélag

540. stjórnarfundur 26. mars 2020 kl. 18:00

## Mættir:

Einar Haraldsson, Garðar Már Newman, Eva Björk Sveinsdóttir, Birgir Már Bragason, Jónína Steinunn Helgadóttir. Voru á Messenger: Kári Gunnlaugsson, Björg Hafsteinsdóttir og Sveinbjörg Sigurðardóttir.

## 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

## 2. Innkomin bréf

Tölvupóstur frá Haraldi formanni Tónlistaskóla Reykjanesbæjar vegna leigu á sölum félagsins.

Tölvupóstur frá ÍSÍ vegna Covid-19.

Tölvupóstur frá formanni blakdeildar – æfingar falla niður.

Tölvupóstur frá RSK - tvískiptingu á staðgreiðslu og tryggingagjaldi sem er á eindaga 16. mars, færast til 16. apríl.

Tölvupóstur frá ÍSÍ og UMFÍ - fréttatilkynning „Allt íþróttastarf fellur niður“.

Tölvupóstur frá formanni blakdeildar - æfingar falla niður meðan samkomubann er í gildi.

Tölvupóstur frá formanni knattspyrnudeildar - fundargerð og vangaveltur um stöðuna.

Tölvupóstur frá KKÍ - niðurstaða KKÍ vegna stöðu tveggja efstu deilda.

Tölvupóstur frá UMFÍ - skil á starfsskýrslu til ÍSÍ sem átti að vera 15. apríl er frestað til 1. júní.

Tölvupóstur frá Nóra – fréttabréf/nýjungar í kerfinu.

Tölvupóstur frá Öryggismiðstöðinni - skoðunarskýrslur vegna Hringbrautar 108, bruna- og öryggiskerfi. Öryggiskerfi er ekki í lagi og þarf að skoða það. Framkvæmdastjóra falið málið.

Bréf frá RSK vegna raunverulegra eigenda. Sektum beitt eftir 31. mars 2020.

Tölvupóstur frá RSK vegna foreldrafélags Taekwondo deildar.

## 3. Send bréf

Tölvupóstur sendur stjórnarmönnum deilda og ráða um hlutverk stjórnarmanna, minna á umsóknafrest í fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ og meðfylgjandi úthlutanir 2019 úr sjóðnum.

Tölvupóstur sendur á fyrirtækjaskrá RSK - skila inn kennitölu fyrir byggingarnefnd ÍBK og 17. júní nefndar Keflavíkur og Njarðvíkur.

Tölvupóstur sendur á stjórnarmenn deilda og ráða vegna minnkaðs starfshlutfalls þjálfara.

Tölvupóstur sendur á fyrirtækjaskrá RSK –raunverulegur eigandi foreldrafélags taekwondodeildar skráður.

## 4. Nýr starfsmaður Keflavíkur

Búið er að taka viðtöl við nokkra umsækjendur. Garðar og Birgir gerðu grein fyrir stöðu mála og lögðu til að Hjördís Baldursdóttir yrði ráðin sem var samþykkt og framkvæmdastjóra falið að kalla hana til fundar og bjóða henni starfið. Athuga með ráðningardaginn.

## 5. Formanna- og gjaldkerafundur

Formanna- og gjaldkerafundur sem átti að fara fram mánudaginn 16. mars var frestað.

## 6. Áhrif COVID-19 á deildir félagsins

Farið var yfir stöðu mála varðandi hugsanlegt tekjutap deilda og stöðu þeirra. Minnkun á starfshlutfalli launþega og verktaka.

## 7. Önnur mál

A. Einar er búinn að vera í sambandi við UMFÍ og ÍSÍ vegna covid-19. Hann ræddi um þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur verið að gera hvað varðar lækkun á starfshlutfalli og hægt að sækja í atvinnuleysisjóð. Einar hefur verið að senda allar þær upplýsingar sem koma beint á aðalstjórn, stjórnarmenn deilda og ráða.

B. Myndataka af stjórn og út að borða með fyrrverandi stjórnarmönnum er frestað.

C. Einar og Garðar áttu fund með Gunnlaugu Olsen gjaldkera körfuknattleiksdeildar.

D. Hugmynd um að skoða Keflavíkur app. Birgir Már ætlar að kanna hjá Keili.

E. Framkvæmdastjóri fær heimild til að kaupa nýjan síma.

Formaður boðar næsta fund.

Fundi slitið kl. 19:15. Fundinn ritaði Eva Björk